

Lífið

Stend ég upp á bjargi og sé
hvernig lífið berst með sjónum
upp í fjöruna og þar liggur það
með þrútin augu eftir að
hafa hvatt mannkynið.

Mannkynið hefði brotið hjarta
þess og hent því niður
af bjarginu er ég á stóð
og sagt því að fara frá
því burt.

Ég hleyp til lífsins, lyftir því
upp og legg það á sandin
og faðma það að mér og ýti fögrum
lokkum úr fagurgrænum augum
og reyni það að kæta.

En lífið er búið og tíminn
er farin frá lífinu og
leiði ég það upp Bifröst læt
það fljúga til æðsta valds
og ég bið það eftir mér að bíða.